

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Súðavíkurhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis á Langeyri í Súðavík.

Breyting deiliskipulagsins er vegna breyttrar lögunar landfyllingar og staðsetningar viðlegukants auk endurbóta á hönnun mannvirkja á lóð 1. Mörk skipulagssvæðisins til sjávar færast utar, um allt að 4 m á kafla, en eru að öðru leyti óbreytt. Skipulagssvæðið er nú 71.035 m² en var áður 70.121 m².

Stærð lóðar nr. 1 stækkar úr 35.128 m² í 35.387 m². Byggingarreitir A og B breytast að lögun og færast til. Hámarkshæð byggingar er 20 m og hámarkshæð útblástursstromps er 22 m yfir frágengnu yfirborði lóðar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Súðavík, 15. október 2025.

Jóhann Birkir Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 29. október 2025